



Bygðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/1054
komudagur 8.3.2002

Dagsetning 5.3.2002

Allsherjarnefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík


Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um aukapung Alþingis um byggðamál, 24. mál.


Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Þingsályktunin hefur ekki verið afgreidd og því ekki að fullu ljóst hvaða tillögur um aðgerðir verða í endanlegri samþykkt Alþingis.

Bygðastofnun fagnar hins vegar allri umræðu um byggðamál. Stofnunin telur það ekki vera á sínu verksviði að tjá sig um tímasetningu slíkrar umræðu á Alþingi, en er ljúft og skylt að taka þátt í ráðstefnum og málþingum um byggðamál. Bent skal á að samkvæmt lögum skal halda ársfund Bygðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Til ársfunda stofnunarinnar er boðið fulltrúum sveitastjórna, helstu stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, félagasamtökum og einstaklingum. Þar fer fram opin umræða um byggðamál, og stefnt er að því að slíkur háttur verði hafður á í framtíðinni.

Virðingarfyllt


Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs
Bygðastofnunar


Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi á Próunarsviði Bygðastofnunar